



Aðföng
Umhverfisuppgjör

2020

Aðföng
Skutuvogur 7, 104 Reykjavík
Kt. 4501993469

Yfirlit

Skýrsla og áritun framkvæmdastjóra	3
Áritun Klappa	4
Umfang og skipulagsmörk	5
Lykilþættir	6
Umhverfisuppgjör	7
Aðferðafræði og skýringar	10
Skýringar	11


Skýrsla og áritun framkvæmdastjóra

Umhverfisuppgjör Aðfanga fyrir árið 2020 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu Þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Aðföng notar stafræna tækni til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna og miðlun upplýsinga sem tengjast umhverfismálum.

Framkvæmdastjóri staðfestir hér með umhverfisuppgjör félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember, 2020, með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. maí, 2021.



Lárus Óskarsson
Framkvæmdastjóri, Aðföng

Áritun Klappa

Áritunaraðili: Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson

Verkefnastjóri: Kristinn Logi Auðunsson


Við höfum aðstoðað við gerð umhverfisuppgjors Aðfanga fyrir árið 2020. Uppgjörið byggir á þeim upplýsingum sem umhverfishugbúnaður félagsins, Klappir, hefur safnað saman yfir árið.

Umhverfisuppgjörið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti Aðfanga. Við höfum skipulagt og hagað okkar vinnu í samræmi við leiðbeiningar Nasdaq frá 2019 og meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar (Relevance, Accuracy, Completeness, Consistency, Transparency).

Klappir EnviroMaster safnar gögnum eins örugglega frá upprunastað gagna og núverandi tækni leyfir. Losun gróðurhúsalofttegunda er reiknuð í tCO₂i og birt í umhverfisuppgjöri þessu.

Ég staðfesti hér með, með undirskrift minni, að þau gögn Aðfanga og birgja þess sem birt eru í umhverfisuppgjöri þessu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember, 2020, hafa verið yfirfarin og metin eftir bestu vitund. Klappir bera ekki ábyrgð á fjárfestingaákvörðunum teknar á grundvelli þeirra upplýsinga sem hér birtast.

Reykjavík, 12. maí, 2021.



Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson
Forstjóri, Klappir grænar lausnir hf.

Umfang og skipulagsmörk

Um Aðföng

Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði. Sögu fyrirtækisins má rekja aftur til ársins 1993 þegar það hóf starfsemi í Suðurhrauni 1 í Garðabæ. Í september 1998 fluttist fyrirtækið í Skútuvog 7 í Reykjavík. Starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir matvöruverslanir Bónus, Hagkaups og Olís. Að jafnaði starfa um 155 manns hjá Aðföngum.

Skipulagsmörk (e. Organizational Boundaries)

Við gerð losunaruppgjors Aðfanga hefur „Operational Control“ aðferðafræðin orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir fyrirtækið grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra.

Rekstrarmörk (e. Operational Boundaries)

Innan rekstrarmarkna Aðfanga er losun í umfangi 1 og umfangi 2 fyrir eftirfarandi rekstrareiningar: Skrifstofur Aðfanga, vöruhús Aðfanga, Ferskra kjötvara og Hýsingar, bifreiðar í eigu og rekstri Aðfanga og Ferskra Kjötvara. Þeir þættir, sem taldir eru fram í umfangi 3 í uppgjöri Aðfanga, eru flugferðir starfsmanna vegna vinnu og úrgangur frá rekstri Aðfanga, Ferskra kjötvara og Hýsingar.

Viðmiðunarár Aðfanga er 2019.

Lykilþættir

Á árinu 2020 var tekin í notkun nýr kæli- og frystilager Aðfanga í Korngörðum 1. Við þá framkvæmd var skipt yfir í CO₂-kælikerfi sem bæði er umhverfisvænna og hagstæðara í rekstri en R-404a kælikerfið sem var aflagt í Skútuvogi 5. Varmi frá kælikerfinu er nýttur inná varmaskipta sem tengdir eru annars vegar gólfhitakerfi frystis og hins vegar inn á snjóbræðslukerfi utanhúss. Hagræði við samdreifingu Aðfanga á kæli- og frystivörum fyrirtækisins og ávöxtum og grænmeti frá Bönunum hf í verslanir Bónus og Hagkaups jókst nokkuð við flutninginn í Korngarða þar sem vörulagerarnir eru nú í sambyggðu húsi. Endurnýjaður var flutningabíll á árinu, en með framförum í tækni nýtir bíllinn eldsneyti betur og mengar minna. Stórt umhverfisverkefni á árinu var einnig að skipta yfir í led-batteri á lyfturum. Engin geymasýra er í batteríunum og eru þau öruggari í meðhöndlun.

Kolefnisuppgjör (E1): Umhverfisuppgjör Aðfanga 2020 inniheldur annað kolefnisbókhald félagsins. Heildar kolefnislosun nam 483,7 tCO₂ ígilda. Náð var að fullu utan um umfang 1 og 2, og nam losun þeirra samtals 309,9 tCO₂ ígilda. Í umfangi 3 var náð utan um losun vegna flugferða starfsmanna vegna vinnu og meðhöndlun úrgangs frá starfsstöðvum. Losun í umfangi 3 nam 173,8 tCO₂í.

Losunarkræfni (E2): Losunarkræfni starfsmanna nam 3,35 tCO₂í/stöðugildi, sem er 29,6% lækkun frá grunnári, 2019.

Orkunotkun (E3): Heildarorkunotkun félagsins, árið 2020, var 6.480.381 kWst. Orkunotkun félagsins samanstendur af notkun á raforku, heitu vatni og eldsneyti á bifreiðar.

Kolefnisjöfnun: Árið 2020 kolefnisjafnaði Aðföng alla þá losun sem uppgjör þetta nær til, 483,7 tCO₂í, með fjárfestingu í gróðursetningu á vegum Kolviðar.

Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Eining	2019	2020
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	99,0	144,4
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m ²	17.939,0	22.378,0
Fjárfesting í sjálfbærni	þúsund ISK	30.272,9	58.900,0

Umhverfisuppgjör

Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2019	2020
Umfang 1	tCO ₂ í	257,0	259,3
Umfang 2 (landsnetið) [1]	tCO ₂ í	44,9	50,6
Umfang 3	tCO ₂ í	169,8	173,8
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO ₂ í	471,7	483,7
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	300,5	483,7
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO ₂ í	171,2	0,0

E1|UNGC: P7|GRI 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Eining	2019	2020
Losunarkræfni orku	kgCO ₂ í/MWst	81,2	74,6
Losunarkræfni starfsmanna	tCO ₂ í/stöðugil	4,76	3,35
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO ₂ í/m ²	26,29	21,62

E2|UNGC: P7, P8|GRI 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkunotkun	Eining	2019	2020
Heildarorkunotkun	kWst	5.810.645	6.480.381
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	998.110	1.030.353
Þar af orka frá rafmagni	kWst	2.427.501	2.519.467
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	2.385.034	2.930.561
Bein orkunotkun	kWst	998.110	1.030.353
Óbein orkunotkun	kWst	4.812.535	5.450.028

E3|UNGC: P7, P8|GRI 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Orkukræfni	Eining	2019	2020
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugild	58.693	44.878
Orkukræfni á fermetra	kWst/m ²	323,9	289,6

E4|UNGC: P7, P8|GRI 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Samsetning orku	Eining	2019	2020
Jarðefnaeldsneyti	%	17,2%	15,9%
Endurnýjanleg orka [2]	%	82,8%	84,1%

E5|GRI 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

Vatnsnotkun	Eining	2019	2020
Samtals vatnsnotkun	m ³	77.513	90.957
Kalt vatn	m ³	36.392	40.430
Heitt vatn	m ³	41.121	50.527

E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

Umhverfisstarfsemi	Eining	2019	2020
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	-	-
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	-	-
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	-	-

E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management

Loftslagseftirlit / stjórn	Eining	2019	2020
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	-
E8 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A)			

Loftslagseftirlit / stjórnendur	Eining	2019	2020
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	-
E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure B)			

Mildun loftslagsáhættu	Eining	2019	2020
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	þúsund ISK	30.272,9	58.900,0
E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)			

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2019	2020
Samtals úrgangur	kg	481.004	478.145
þar af flokkaður úrgangur	kg	329.776	334.063
þar af óflokkaður úrgangur	kg	151.228	144.082
Endurunnið / endurheimt	kg	145.052	160.800
Urðun / förgun	kg	335.952	317.345
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	68,6%	69,9%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	30,2%	33,6%
Úrgangur frá kjötvinnslu	kg	174.400	177.900
Úrgangur frá framkvæmdum	kg	33.930	23.710
Almennur rekstrarúrgangur	kg	272.675	276.535
Flokkunarhlutfall almenns rekstrarúrgangs	%	47,26%	48,17%
Drykkjarvörur til förgunar	fjöldi	24.865	25.259

Úrgangskræfni	Eining	2019	2020
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	4.858,6	3.311,3

Viðskiptaferðir	Eining	2019	2020
Losun vegna viðskiptaferða	tCO ₂ í	5,5	1,1
Flug	tCO ₂ í	5,5	1,1

Ferðir starfsmanna til og frá vinnu	Eining	2019	2020
Losun vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu	tCO ₂ í		
Endurgreiðir fyrirtækið vistvænan ferðamáta starfsmanna?	já/nei	Nei	Nei

Helstu orkugjafar	Eining	2019	2020
Samtals eldsneytisnotkun í lítrum	lítrar	99.759,3	102.789
Bensín	lítrar	9.767,5	8.032,7
Dísilolía	lítrar	89.991,9	94.756,8
Samtals eldsneytisnotkun í kg	kg	83.818,7	86.567,8
Bensín	kg	7.325,6	6.024,5
Dísilolía	kg	76.493,1	80.543,3
Notkun flutningabifreiða	lítrar	73.626	78.513
Notkun kælivagna	lítrar	5.912	6.288
Notkun starfsmannabifreiða	lítrar	19.533	17.569
Notkun vinnuvéla	lítrar	689	418

Mótvægisáðgerðir	Eining	2019	2020
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	300,5	483,7
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO ₂ í	300,5	483,7

Eignastýring	Eining	2019	2020
Fjöldi bygginga	fjöldi	5,0	5,0
Skrifstofurými	fjöldi	1,0	2,0
Vöruhúsnæði	fjöldi		
Framleiðslurými	fjöldi	5,0	5,0
Fjöldi ökutækja og tækja	fjöldi	28,0	30,0
Bensín / dísel	fjöldi	26,0	28,0
Rafknúin farartæki	fjöldi	0,0	0,0
Aðrir eldsneytisgjafar (blendingar, metan, vetni o.s.frv.)	fjöldi	2,0	2,0

Kolefnisgjöld	Eining	2019	2020
Kolefnisgjald, gas- og dísilolía	ISK/líttra	10,40	11,45
Kolefnisgjald, bensín	ISK/líttra	9,10	10,00
Kolefnisgjald, eldsneyti	ISK/kg	12,80	14,10
Kolefnisgjald, hráolía o.s.frv.	ISK/kg	11,40	12,55
Samtals kolefnisgjald (ESR)	ISK	1.024.799	1.165.292
Samtals kolefnisgjald (ETS)	ISK		

Aðferðafræði og skýringar

Við útreikninga á umhverfisuppgjöri Aðfanga er stuðst við „The Greenhouse Gas Protocol“ sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um allan heim með góðum árangri. Aðföng hefur lagt áherslu á að loftslagsverkefnið sé unnið innan ramma þeirra innlendu og alþjóðlegu laga og reglugerða sem snúa að umhverfismálum.

1. Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda (E1)

The Greenhouse Gas Protocol skiptir losun upp í umfang 1, 2 og 3. Þetta er gert til að greina í sundur beina og óbeina losun.

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis. Í tilfalli Aðfanga afmarkast umfang 1 við eldsneytisnotkun bifreiða í eigu og/eða rekstri félagsins.
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Aðfanga. Sú losun, sem talin er fram í uppgjöri þessu, er losun vegna úrgangs frá starfsstöðvum fyrirtækisins og flugferðir starfsmanna vegna vinnu.

Greint er frá losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum af CO₂ ígildum (tCO₂i). Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svokallaðra koltvísýringsígilda (tCO₂e). Koltvísýringsígildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthlúnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað við hundrað ára tímabil. Til að mynda jafngildir metan (CH₄) u.þ.b. 25 koltvísýringsígildum og nituroxíð (N₂O) u.þ.b. 298 koltvísýringsígildum.

2. Nettó kolefnislosun

Nettó kolefnislosun starfsemi sýnir nettó losun fyrirtækis með teknu tilliti til aðgerða til kolefnisjöfnunar.

3. Losunarkræfni (E2)

Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu umfangi 1, umfangi 2 (landsnetið) og umfangi 3. Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO₂i á einingu (svo sem tCO₂i á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

4. Bein og óbein orkunotkun (E3)

Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kílóvattstundum (kWst).

5. Orkukræfni (E4)

Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

Skýringar

- [1] Útreikningar á losun vegna rafmagnsnotkunar byggjast á meðallosun frá framleiðslu rafmagns á Íslandi, sem birt er í Landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda (Icelandic National Inventory Report) og er gefin út af Umhverfisstofnun.
- [2] Samkvæmt vottorðum um upprunaábyrgðir frá raforkusölum, keypti Aðföng 100% endurnýjanlega orku árin 2019 og 2020.